

## Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna.

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna var samþykktur 20. nóvember 1989 og er útbreiddasti mannréttindasáttmáli í heimi. Öll ríki innan Sameinuðu þjóðanna nema Bandaríkin hafa fullgilt hann. Ísland undirritaði hann 1990, tveimur árum seinna var hann fullgiltur og árið 2013 var hann lögfestur á Íslandi. Það þýðir að bæði opinberir og einkaaðilar eru skuldbundnir til að virða ákvæði sáttmálans og má beita sáttmálanum fyrir dómi.

Þegar Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna var lögfestur á Íslandi jókst þörfin fyrir fræðslu um þýðingu hans. Því var ákveðið að Unicef, í samráði við Umboðsmann barna færi af stað með verkefnið; Barnvænt sveitafélag.

Tilgangur með verkefninu er að íslensk stjórnvöld og öll sveitafélög landsins innleiði Barnasáttmálann í sína stjórnsýslu. Í raun má segja að hugsunin sé að starfsfólk ríkis og sveitafélaga noti sjónarhorn barna í öllum sínum verkefnum, stefnumótun og ákvörðunum. Sveitafélög sem kjósa að taka þátt í verkefninu gera þannig sáttmálann að rauðum þræði í allri sinni starfsemi og stefnumótun.

Verkefnið byggir á fimm grunnþáttum og eru þau leiðarstef í gegnum öll skref innleiðingarferlisins:

### **Grunnþættirnir :**

- 42 gr. Þekkinga á réttindum barna
- 3 gr. Það sem barninu er fyrir bestu
- 2 gr. Jafnræði, að horft sé til réttinda allra barna
- 12. gr. Þáttaka barna
- 6. gr. Barnvæn nálgun



Hvað segja Grunnþættirnir okkur?

**Þekking á réttindum barna:** rík skylda á opinbera aðila að fræða fullorðna og börn um réttindi sem í sáttmálanum eru. Mikilvægt að vinna markvisst að innleiðingu.

**Það sem er barninu fyrir bestu:** Ávallt skal taka til skoðunar hvað barninu er fyrir bestu þegar ákvarðanir hvað þau varðar eru teknar. Hafa skal hugfast að ekki er hægt að vita nákvæmlega hvað barninu er fyrir bestu án þess að hafa þau í samráði.

**Jafnræði, horft til réttindi allra barna:** öll börn eiga að njóta sömu réttinda án tillits til kynþáttar, kynferðis, trúar, ætternis, fötlunar, félagslegra stöðu eða annarra aðstæðna.

**Þátttaka barna:** Innleiðing Barnasáttmálans felur í sér viðurkenningu á að þekking og reynsla barna sé verðmæt fyrir sveitafélagið. Börn eiga rétt á því að fá tækifæri til að tjá skoðun sína um málefni sem hafa áhrif á þeirra líf. Því er nauðsynlegt að þátttökuleiðir séu skýrar og aðgengilegar fyrir börn og þau fái þjálfun frá ungum aldri í að koma sjónarmiðum sínum áleiðis.

Pátttakendur:

Sveitafélög sem taka þátt í verkefninu eru 22 talsins. Þau eru eftirfrand:

Akranes

**Akureyri-hlaut viðurkenningu árið 2020**

Borgarbyggð

Fjarðarbyggð

Garðarbær

Grundarfjörður

Hafnarfjörður

Hraunamannahreppur

Hvalfjarðarsveit

Höfn í Hornafirði

**Kópavogur-hlaut viðurkenningu árið 2021**

Mosfellsbær

Múlaþing

Rangarþing Eystra

**Reykjanesbær-Skilaði aðgerðaráætlun 2022**

Seltjarnarnes

Skagatrönd

Strandabyggð


Svalbarðasstrandarhreppur

Vogar á Vatnsleysuströnd

Vopnafjörður

Ölfus

Innleiðingarhringurinn :



Hvar eru við stödd?

Sveitafélagið Hornafjörður er búið að vinna stöðumatið og skilaði greinargerðinni inn á dögunum. Nú er að fara af stað fræðsla og greining aðgerða. Fræðslan þarf að vera vel unnin og þarf að viðhalda henni. Mun tíminn frá maí og þar til í ágúst vera hugsaður sem upprifjun og nota hann í fræðslu. Stefnt er að því að skila inn aðgerðaráætlun í okt/nóv. Viðhalda þarf viðurkenningu sem Barnvænt sveitafélag. Samkvæmt erindisbréfi heyrir verkefnið undir svið félagsmála.

Framhaldið stiklað á stóru:

**Aðgerðaráætlun:** Niðurstöður úr stöðumati eru greind í aðgerðir sem þarf að framkvæma í sveitafélaginu. Þær eiga að vera bæði langtíma og skammtíma aðgerðir.

**Framkvæmd:** Þegar Unicef, sveitastjórn og ungmennaráð hefur samþykkt aðgerðaáætlun þarf að framkvæma þær. Gott að hafa ábyrgðaraila með stærri aðgerðum.

**Skýrsla:** Þegar sveitafélag hefur framkvæmt aðgerðir sendir það skýrslu til Unicef

**Mat og viðurkenning:** Unicef gefur endurgjöf og sveitafélag fær viðurkenningu

**Ný markmið og endurmat:** aftur hefst vinna í stöðumati (barnþing t.d.) og ný markmið sett nýjar aðgerðir.

Fyrir frekari upplýsingar um Barnvænt sveitafélag verkefnið má hafa samband við mig :

[www.bessy@hornafjordur.is](mailto:www.bessy@hornafjordur.is)

